

Fundargerð Laga- og leikreglnanefnd KSÍ	
--	---

FUNDUR	Fundur laga- og leikreglnanefndar KSÍ
DAGS.	24. janúar 2024 (Kl. 09:00)
STAÐSETNING	TEAMS
FUNDARMENN	Gísli Gíslason formaður, Margrét Hafsteinsdóttir og Sveinn Gíslason. Haukur Hinriksson starfsmaður. Fjarverandi: Kolbrún Arnardóttir og Lee Ann Maginnis

DAGSKRÁ	Yfirferð á tillögum sem borist hafa vegna ársþings KSÍ 2025
UMRÆÐUEFNI, AÐGERÐIR OG ÁKVARÐANIR	
1.	Dagskrá: 1. Yfirferð á tillögum sem borist hafa fyrir ársþing KSÍ 2025. Hlutverk laga- og leikreglnanefndar vegna tillagna sem borist hafa fyrir knattspyrnuþing, skv. 11. grein laga KSÍ er eftirfarandi: <i>Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.</i>
	Tillögur sem borist hafa fyrir ársþing KSÍ 2024 Tekið skal fram að tillögur sem lagðar verða fram af stjórn KSÍ á ársþingi 2024 voru unnar af laga- og leikreglnanefnd. Nefndin mun því ekki fjalla um þær tillögur sérstaklega. Tillaga nr. 1 (Lög KSÍ – Viðurlagaheimild Leyfisráðs og Leyfisdómstóls. Stjórn KSÍ): Tillaga þessi er lögð fram af stjórn KSÍ. Nefndin gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar. Tillaga nr. 2 (Reglugerð um knattspyrnumót – Fjöldi varamanna og starfsmanna á leikskýrslu. Knd. Vals og fleiri félög): Tillaga þessi er lögð fram af knattspyrnudeild Vals og studd af a.m.k. sjö öðrum félögum í efstu deildum kk/kvk. Nefndin vekur athygli á því að tillagan var einnig lögð fram á ársþingi 2024. Nefndin leggur til að orðalag sé yfirfarið. Tillögu vísað til umsagnar dómaranefndar, mótanefndar, knattspyrnu- og þróunarnefndar, mannvirkjanefndar og ÍTF.

	Tillaga nr. 3 (Reglugerð um aga- og úrskurðarmál – Áminningar og leikbönn. Knd. Víkings): Tillaga þessi er lögð fram af knattspyrnudeild Víkings. Að mati nefndarinnar felur tillagan í sér flóknari útfærslu en gildandi reglur og felur í sér aukin kostnað þar sem núverandi umsýsla og mótakerfi gerir ekki ráð fyrir slíkri útfærslu. Tillagan er óljós um ýmsa þætti, sem auðveldara væri að útfæra innan núverandi reglna. Vísað til umsagnar mótanefndar, fjárhagsnefndar, knattspyrnu- og þróunarnefndar og ÍTF. Tillaga nr. 4 (Reglugerð um félagaskipti o.fl. – Fjölgun erlendra leikmanna á leikskýrslu. Vestri): Tillaga þessi er lögð fram af knattspyrnudeild Vestra. Tillagan var lögð fram á ársþingi KSÍ 2024. Nefndin gerir ekki athugasemd við form tillögunnar. Vísað til umsagnar knattspyrnu- og þróunarnefndar og ÍTF. Tillaga nr. 5 (Ályktunartillaga – Nýjar Siðareglur KSÍ): Tillaga þessi er lögð fram af stjórn KSÍ og hefur verið kynnt félögum ítarlega. Nefndin leggur til að Gísla og Hauki verði falið að gera tillögu að bættu orðalagi á tveimur greinum. Tillaga nr. 6 (Ályktunartillaga – Dómstig KSÍ. Stjórn KSÍ): Tillaga þessi er lögð fram af stjórn KSÍ. Nefndin gerir ekki athugasemdir við form tillögu. Tillaga nr. 7 (Ályktunartillaga – Starfshópur um sumarhlé. LSÍ): Tillaga þessi er lögð fram af Leikmannasamtökum Íslands. Sambærileg tillaga var lögð fram á síðasta ársþingi. Nefndin gerir ekki athugasemd við form tillögu. Vísað til umsagnar mótanefndar, knattspyrnu- og þróunarnefndar og ÍTF. Tillaga nr. 8 (Ályktunartillaga – Nýtt félag á Suðurnesjum. Víðir og Reynir): Tillaga þessi er lögð fram af Víði Garði og Reyni Sandgerði. Nefndin leggur til að orðalag og fyrirvarar verði yfirfarnir með félögunum tveimur og skoðað verði hvernig mál af þessum toga hafi verið afgreidd eða framkvæmd áður. Vísað til umsagnar mótanefndar KSÍ og stjórn KSÍ
3.	Nefndin samþykkir að fela Hauki, starfsmanni nefndarinnar, að koma athugasemdum og bókunum laga- og leikreglnanefndar við framkomnar tillögur til viðeigandi félaga/aðila. Þá skal tilgreindum tillögum komið áfram til þeirra aðila sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við tillögurnar. Samþykkt var að viðeigandi aðilum verði veittur frestur til kl. 16:00 föstudaginn 31. janúar nk. til að koma fram með athugasemdir við tillögur. Athugasemdir verði í kjölfarið birtar aðildarfélögum opinberlega ásamt tillögum eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársþing. Fundið slitið kl. 10:04
Dagsetning næsta fundar:	
Óráðið	